



**Aðalfundur
Landsbankans**
Skýrsla bankaráðs

Aðalfundur Landsbankans hf. 14. apríl 2016

Skýrsla stjórnar

Inngangur

Með markvissu starfi og góðum rekstri hefur fjárhagsleg staða Landsbankans styrkst. Árið 2015 var besta rekstrarár bankans frá upphafi og mikilvægir áfangar náðust. Ber þar einkum að nefna upphaf á innleiðingu nýrrar stefnu, fjármögnun á erlendum lánsfjármörkuðum og samruna Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Norðurlands við bankann.

Í fyrsta kafla skýrslunnar til aðalfundar geri ég stuttlega grein fyrir þessum þáttum. Annar kaflinn er heldur daprari en þar nefni ég óleystan húsnæðisvanda höfuðstöðva og Borgunarmálið. Að lokum mun ég horfa fram á veginn og fjalla um væntanlega skráningu og sölu hluta í bankanum og tillögu um arðgreiðslu.

1. kafli

Fjárhagsleg staða

Á síðustu tveimur aðalfundum hefur í skýrslu stjórnar verið sagt að þrátt fyrir góðan hagnað af rekstrinum í heild þá þurfi að bæta afkomuna af kjarnastarfsemi bankans.

Fjárhagur Landsbankans er afar traustur eins og reikningur fyrir árið 2015 sýnir. Bankastjóri mun fara betur yfir ársreikninginn hér á eftir en vert er að nefna helstu tölur. Hagnaður Landsbankans á árinu 2015 var 36,5 milljarðar króna og arðsemi eiginfjár 14,8%. Aukin umsvif í hagkerfinu og hagstæð þróun á fjármálamörkuðum studdu við góða afkomu bankans.

Landsbankinn hefur lagt áherslu á að lækka rekstrarkostnað sinn og hefur bankinn náð miklum árangri á því sviði. Rekstrarkostnaður lækkaði á milli ára þrátt fyrir aukin útgjöld vegna kjarasamninga og kostnað við samruna tveggja sparisjóða við bankann. Stöðugildum í Landsbankanum fækkaði um 63 á árinu 2015 en að teknu tilliti til samruna við önnur fjármálafyrirtæki hefur stöðugildum í bankanum fækkað um rúmlega fimmting (21%) frá árinu 2011. Þá lækkaði kostnaðarhlutfall bankans verulega milli ára, eða úr 56% árið 2014 í 44% árið 2015.

Á liðnu ári hækkuðu hreinar þjónustutekjur Landsbankans um 17% frá fyrra ári, einkum vegna aukinna umsvifa í markaðsviðskiptum og eignastýringu og vegna breytinga á kortamarkaði sem hafa leitt til þess að þjónustutekjur bankans vegna korta hafa hækkað. Mikill rekstarbati var hjá dótturfélagi bankans Landsbréfum en hagnaður ársins var 616 milljón krónur samanborið við 188 milljónir árið áður.

Líkt og á árinu 2014 hafa jákvæðar virðisbreytingar útlána töluverð áhrif á rekstrarniðurstöðuna, en á árinu 2015 skiluðu jákvæðar virðisbreytingar útlána bankanum um 18 milljörðum í tekjur, fyrir skatta.

Eigið fé bankans var í árslok 264,5 milljarðar króna og hækkaði um 14 milljarða, þrátt fyrir að Landsbankinn hafi greitt eigendum sínum 23,7 milljarða króna í arð á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs vegna ársins 2014. Eiginfjárhlutfall bankans var 30,4% en verður 27,1% ef fyrirliggjandi arðgreiðslutillaga verður samþykkt.

Heildareignir Landsbankans hækkuðu um 20 milljarða króna á milli ára og í árslok 2015 námu eignir bankans alls 1.119 milljörðum. Útlán jukust um 93 milljarða króna en aukningin er að stærstum hluta vegna aukinna íbúðarlána til einstaklinga auk samruna við sparisjóðina tvo, ásamt auknum lánveitingum til fyrirtækja.

Vanskil viðskiptavina halda áfram að lækka og mældist hlutfall vanskila eldri en 90 daga 1,8% í lok desember 2015 samanborið við 2,3% ári fyrr. Þetta er til marks um batnandi stöðu einstaklinga og fyrirtækja og er mikið fagnaðarefni.

Lausafjárstaðan er sterk, bæði í erlendri mynt og í íslenskum krónum. Á hinn bóginn ber að nefna að strangari kröfur eftirlitsaðila um lausafjárhlutföll takmarka útlánavöxt og arðgreiðslur meira en nýjar og hærri eiginfjárkröfur gera.

Áhættustýring og innra eftirlit

Á undanförunum árum hefur alþjóðlegt regluverk tekið stakkaskiptum þar sem eftirlitsaðilar keppast við að styrkja umgjörðina og auka traust fjárfesta á markaðnum. Nýtt regluverk snertir alla þætti starfsemi fjármálafyrirtækja en sérstaklega mat á áhættu, heimildir til að nýta innri matslíkön til lækkunar á eiginfjárbindingu og uppgjörsaðferðir. Á liðnu ári var hluti þessa erlenda regluverks, CRD IV, innleitt í íslensk lög með breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki. Innleiðingunni mun ljúka á árinu og eru hópar starfandi á vegum fjármálafyrirtækja og eftirlitsaðila sem standa að verkinu.

Það stefnir í að um mitt þetta ár verði endanlega samþykktir nýir staðlar um reikningsskil fjármálafyrirtækja, IFRS 9. Munu þeir taka gildi árið 2018 en um er að ræða viðamiklar breytingar á matsaðferðum vegna virðismats útlána. Flækjustig staðalsins er hátt og munu fjármálafyrirtæki um allan heim þurfa að nýta tímann vel til innleiðingarinnar.

Samkvæmt alþjóðlegu stöðlunum FATCA og CRS hafa íslensk fjármálafyrirtæki skuldbundið sig til að veita erlendum skattayfirvöldum með milligöngu ríkisskattstjóra upplýsingar um eignir viðskiptavina sem eiga skattalega heimilisfesti erlendis. FATCA staðalinn sem snýr að bandarískum skattayfirvöldum tók gildi 1. júlí 2014 en CRS sem varðar lönd í Evrópu tók gildi 1. janúar sl. Landsbankinn mun áfram, líkt og fyrri ár, kappkosta að vera leiðandi og til fyrirmyndar við innleiðingu nýs regluverks sem og við áhættustýringu, regluvörslu og innri endurskoðun.

Innleiðing nýrrar stefnu

Ný stefna Landsbankans var kynnt á síðasta aðalfundi og er markmið hennar að ná arðseminni til frambúðar yfir 10% á árinu 2020. Bankinn setur þarfir viðskiptavina í forgrunn og er að nýta tækifærin sem felast meðal annars í hagkvæmari samsetningu efnahags, auknum viðskiptum, skilvirkni og kostnaðarahlaldi.

Unnið er að fjölda verkefna í sjö verkstraumum. Þeir eru:

1. Fyrirmyndarþjónusta fyrir einstaklinga
2. Fyrirmyndaþjónusta fyrir fyrirtæki og markaði
3. Rafræn þjónusta þróuð með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi
4. Hagkvæmar stöðeiningar
5. Nútímalegt tækniumhverfi
6. Hagkvæm samsetning efnahags og fjármagnsskipan
7. Árangursmiðuð menning framkvæmda og breytinga

Þetta fyrsta ár innleiðingarinnar gekk mjög vel. Unnið hefur verið að fjölda verkefna og þeim er fylgt eftir með kerfisbundum hætti. Öflugt starfsfólk bankans hefur séð til þess að árangurinn er að skila sér samkvæmt áætlun með tilheyrandi auknum tekjum og lægri kostnaði.

Um þennan eftirtektarverða árangur vil ég nefna nokkur dæmi. Hver viðskiptavinur nýtir sér nú fleiri þjónustubætti í kjölfar innleiðingar á 360° ráðgjöf til viðskiptavina Einstaklingssviðs. Aukið samstarf Fyrirtækjasviðs og Markaða hefur skilað sér í aukningu á þjónustutekjum og útlánavexti. Einföldun á tækniumhverfi og straumlínulögun ferla er á fullri ferð t.d. með flutningi lána yfir í eitt lánakerfi og rafvæðingu á innlána- og útlánaferli. Mikil áhersla hefur verið á að sem mest af þeirri þjónustu sem gjaldkerar og þjónustufulltrúar veita verði sjálfvirk og aðgengileg í netbanka og hraðbönkum. Betri netbankar og auknir möguleikar til sjálfsafgreiðslu hafa leitt til færri heimsókna til gjaldkera. Enda hefur aukning í notkun hraðbanka, netbanka og farsímabanka aukist töluvert hjá viðskiptavinum þeirra útibúa sem bankinn hefur breytt.

Mikil vinna hefur verið við uppsetningu og innleiðingu á nýja innlána- og greiðslukerfinu (SOPRA) í samstarfi við Reiknistofu bankanna en það ásamt innleiðingu á nýju kerfi til stjórnunar viðskiptatengsla (CRM) munu breyta starfsumhverfi í framlínu og bakvinnslu til hins betra.

Áfram verður unnið að því að festa í sessi breytt verklag og ná fram enn meiri ávinningi af þeim breytingum sem nú þegar hafa verið gerðar. Innleiðing nýrrar stefnu krefst mikils og stöðugs átaks en í því felst þróun á fyrirtækjamenningu bankans með markvissri framtíðarsýn. Við viljum verða samherji viðskiptavina okkar á sem flestum sviðum fjármálaþjónustu og vera hreyfiafl framfara. Ánægðir starfsmenn er grunnurinn að því að veita slíka þjónustu. Starfsánægja í Landsbankanum mælist mikil og þannig viljum við hafa hana áfram.

Fjármagnsskipan

Við stofnun Landsbankans hf. árið 2008 og allt fram til síðasta árs hafði bankinn takmarkað aðgengi að erlendum lánsfjármörkuðum. Í lok árs 2009 var samið við slitabú gamla bankans (LBI) um skuldabréf sem, ásamt skilyrtu skuldabréfi sem var gefið út síðar, námu 352 milljörðum króna. Margháttaðir íþyngjandi skilmálar fylgdu þessum skuldabréfum og lánstíminn var stuttur. Á árinu 2014 tókst að endursemjja við LBI sem var gríðarlega mikilvægur áfangi fyrir Landsbankann og sem um leið auðveldaði næstu skref stjórnvalda í afléttingu fjármagnshafta.

Á síðasta ári tókst Landsbankanum svo að lækka þessa skuld í 125 milljarða króna með samningum við LBI og nýrri erlendri fjármögnun bankans. Gert er ráð fyrir fullri endurfjármögnun skuldarinnar við LBI á árinu 2017, en þau áform eru þó háð aðstæðum á erlendum lánsfjármörkuðum.

Innleystur hagnaður af sölu hlutabréfa er 50 milljarðar króna frá árinu 2009. Sala hlutabréfa hefur styrkt fjárhagsstöðu bankans verulega og leitt til jákvæðra breytinga á lánshæfiseinkunn bankans hjá lánshæfismatsfyrirtækinu Standard & Poor's. Landsbankinn er nú kominn í fjárfestingarflokk og með jákvæðum horfum. Sá ávinningur hefur aftur opnað fyrir aðgengi bankans að erlendum lánsfjármörkuðum.

Lántaka bankans á erlendum mörkuðum byrjaði í október sl. með 300 milljón evra útgáfu, jafnvirði um 43 milljarða króna, sem fékk góðar undirtektir fjárfesta. Í desember fylgdi bankinn þessu eftir með skuldbréfaútgáfu í sænskum og norskum krónum, auk beinnar lántöku í evrum hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Í byrjun þessa mánaðar voru skuldabréfaflokkarnir í sænskum og norskum krónum stækkaðir með enn hagstæðari lántöku.

Samruni við sparisjóði

Á liðnu ári leituðu Sparisjóður Vestmannaeyja og Sparisjóður Norðurlands til bankans og vildu leysa aðkallandi fjárhagsvanda sinn. Fjármálaeftirlitið tók ákvörðun um samruna fyrrnefnda sparisjóðsins við Landsbankann í lok mars 2015 og síðari samruninn var samþykktur af eftirlitsaðilum í september sl.

Landsbankinn sá sér hag í samrununum og vildi jafnframt leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að langur og lengst af farsæll ferill þessara sparisjóða fengi slæman endi fyrir viðskiptavinum, starfsmenn og eigendur. Samþætting starfseminnar gekk vel og standa vonir til að unnt verði til frambúðar að bæta þjónustuna við viðskiptavinum, sérstaklega í Vestmannaeyjum en þar hafði Íslandsbanki nánast verið í einokunarstöðu. Við samrunana fjölgaði hluthöfum Landsbankans og eru þeir nú orðnir 1.835 talsins.

2. kafli

Stjórnendur banka þurfa að sinna fjölmörgum og vandasömum verkefnum. Viðbúið og eðlilegt er að allir landsmenn hafi skoðun á því hvernig til tekst í þjónustunni og rekstrinum. Mismunandi skoðanir ber að virða en erfiðara er að sætta sig við mismunandi staðreyndir. Tvö mál hafa skapað óróa kringum bankann á starfsárinu en það eru álitamálin varðandi nýjar höfuðstöðvar og salan á hlut bankans í Borgun hf.

Húsnæðisvandi bankans

Húsnæðisvandi bankans er óleystur. Sumir halda að starfsemi höfuðstöðvanna fari eingöngu fram í gömlu byggingunni í Austurstræti og þar sé einvörðungu afgreiðslusalurinn og yfirstjórn bankans. Svo er alls ekki. Í Kvosinni starfa nú um 600 starfsmenn bankans við margskonar þætti í þjónustu við viðskiptavinum. Unnið er í 12 húseiningum og þar af eru einungis 4 í eigu bankans. Sjón er sögu ríkari að ráfa þar um endalaus stíga-ganga og ranghala. Ég sagði á síðasta aðalfundi að engum myndi detta í hug að skipuleggja höfuðstöðvar bankans með þessum hætti ef nokkur kostur væri á öðru. Með því að færa starfsemina í hentugra húsnæði skapast tækifæri til þess að stórbæta vinnuástöðuna, fækka fermetrum undir starfsemina til mikilla muna og spara um leið verulegar fjárhæðir í rekstri bankans.

Í fyrra missti bankinn gamla Landssímahúsið sem hann hafði haft á leigu en þar er nú ætlunin að byggja hótél. Í desember sl. var lokið við að flytja alls 186 starfsmenn úr gamla Landssímahúsinu yfir í önnur hús bankans í Kvosinni. Gera þurfti töluverðar breytingar á skipulagi innanhúss og þrengsli eru mikil en framkvæmdunum var samt tekið af umburðarlyndi og með jákvæðni. Nokkur sparnaður náðist fram með þessari aðgerð en vinnuástaða starfsmanna varð enn verri en fyrir var. Talsverð rekstraráhætta felst í núverandi fyrirkomulagi þar sem stór hluti húsnæðisins er leigður. Leiguverð fer hækkandi og einnig er hætta á að bankinn missi leiguhúsnæðið eins og gerðist með Landssímahúsið.

Eitt hlutverk bankaráðs samkvæmt starfsreglum er að taka ákvarðanir að fenginni tillögu bankastjóra um byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum sem nýttar eru í starfsemi bankans. Bankaráðið hefur fjallað um valkosti fyrir nýjar höfuðstöðvar allt frá árinu 2010 og var það niðurstaðan á liðnu ári að hagkvæmast væri fyrir Landsbankann að byggja nýjar höfuðstöðvar á lóð bankans í Austurhöfninni, hér fyrir sunnan Hörpuna. Sú ákvörðun mætti talsverðri andstöðu í þjóðfélaginu eins og vill verða um stórar byggingarframkvæmdir. Bankaráðið vildi taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu og lét ráðgjafa yfirfara fyrri útreikninga og skoða nokkrar nýjar staðsetningar. Niðurstaðan var sú sama og fyrr að spara mætti hundruðir milljóna á hverju ári með flutningi í nýja byggingu og að Austurhöfnin væri besti kosturinn. Meðal ástæðna fyrir því að Austurhöfnin kom best út eru að lóðin er vel staðsett, skipulag liggur fyrir og hægt er að hefja framkvæmdir. Möguleiki er á samnýtingu bílastæða og að leigja fleiri bílastæði í nágrenninu, auk þess sem ekki verður þörf á að reka sérstakt miðbæjarútibú.

Húsnæðisvanda Landsbankans þarf að leysa því hagsmunir bankans og eigenda hans gera kröfu til þess. Áður en næstu skref verða tekin þarf að liggja fyrir að stærsti hluthafinn setji sig ekki upp á móti slíkum áformum.

Borgunarmálið

Hafi stormur geysað á síðasta ári vegna áforma um nýjar höfuðstöðvar, þá má segja að fárviðri hafi tekið við vegna sölu á hlut í Borgun hf. Bankinn seldi hlutinn með hagnaði árið 2014 en við hefðum getað gert betur og iðrumst þess. Fyrir nokkrum mánuðum síðan vaknaði á ný heit og á köflum ósanngjörn umræða þegar í ljós kom að Borgun myndi eignast vænan hlut í söluhagnaði af Visa Europe.

Við hefðum getað staðið betur að sölu hlutarins haustið 2014. Það var rætt og viðurkennt á síðasta aðalfundi. Hvatinn til að selja hluti bankans í greiðslukortafyrirtækjunum var annars vegar óviðunandi staða bankans sem áhrifalaus minnihlutaeigandi og hins vegar þrýstingur Samkeppniseftirlitsins með yfirvofandi sekt eins og glögglega kemur fram í þeim gögnum sem bankinn hefur birt opinberlega.

Bankinn fékk á sig réttmæta gagnrýni fyrir að selja ekki hlutina í opnu ferli haustið 2014. Því var hlutur í Borgun sem bankinn fékk á liðnu ári frá öðrum sparisjóðnum seldur í opnu ferli fyrir um tvöfalt innra virði sem er álíka verð og salan á hlut Landsbankans árið áður. Lítt hefur verið fjallað um það í fjölmiðlum.

Þannig er nú með viðskipti á hlutabréfum að ekki verður með vissu séð fyrir hvenær er best að selja og hvernig verð eigi eftir að þróast, hvað þá ef eign er seld með happadrættismiða. Það vill svo til að á sama tíma og hluturinn í Borgun var seldur seldi bankinn hlut sinn í olíufélaginu Athabasca Oil Corp. sem er skráð félag á markaði í Kanada. Það verð sem Landsbankinn fékk var nánast það sama og fyrir hlutinn í Borgun, 2,3 milljarðar króna. Var hagnaður af þeirri sölu of lítill? Nei, ekki aldeilis. Það félag er nánast verðlaust í dag og því sjá menn nú að það var rétt ákvörðun að selja. Það er alltaf hægt að nefna einstakar ákvarðanir en mikilvægt er að litið sé á heildarárangurinn.

Aðalatriði svonefnds Borgunarmáls eru í raun einföld eins og þau snúa að Landsbankanum. Við hefðum betur selt hlutinn í opnu söluferli og séð fyrir mögulega hlutdeild Borgunar í söluandvirði Visa Europe. Mikilvægast er að engir annarlegir hvatar lágu að baki þeirri ákvörðun bankans að selja hlutinn á þann hátt sem gert var, heldur einvörðungu hagsmunir Landsbankans eins og þeir voru metnir á þeim tíma.

Landsbankinn er búinn að birta opinberlega þær upplýsingar sem að honum snúa og Fjármálaeftirlitið og Bankasýsla ríkisins hafa fjallað um það og sagt sitt álit. Framundan er umbeðin úttekt Ríkisendurskoðunar.

Bankinn hefur dregið lærdóm af þeirri umræðu sem varð í kjölfar umræddra viðskipta og allt verklag þessu tengt er í endurskoðun. Fyrir tveimur vikum síðan breytti Landsbankinn með samhljóða ákvörðun bankaráðs stefnu sinni um sölu eigna og skilgreindi nýja stefnu vegna orðsporsáhættu.

3. kafli

Skráning bankans og sala á hlut ríkisins

Þó þetta mál hafi varpað skugga á bankann nú í byrjun ársins, þá ætti framtíð Landsbankans að vera björt. Framundan eru spennandi tímar. Senn hefst aflétting fjármagnshafna og með lúkningu fordæmisgefandi dómsmála hefur verið dregið úr óvissu. Ástæða er til að ætla að lánshæfiseinkunn bankans verði hækkuð síðar á þessu ári. Ekkert er að vanbúnaði að skrá bankann á hlutabréfamarkað og ríkið getur selt eitthvað af hlut sínum ef vilji stjórnvalda stendur til þess.

Áður en að því kemur er unnt að greiða út hluta þess eigin fjár bankans sem er umfram viðmið bankaráðs. Markmið bankans um eiginfjárlutfall er að vera hæfilega yfir kröfum Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárlutfall og eiginfjáruka á fullnaðarstigi. Markmið bankans er einnig að vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárlutfall, eins og það er ákvarðað og metið af lánsþæfismatsfyrirtækjum.

Með útgreiðslum á eigin fé bankans umfram framangreind markmið og sölu hluta getur ríkissjóður grynnað á skuldum sínum sem styrkir lánhæfi ríkisins og þar með allra íslenskra lántakenda. Landsbankinn er vel hæfur til sölu með traustan fjárhag. Hraður vöxtur er ekki takmarkið heldur að styrkja enn stöðu og afkomu Landsbankans svo unnt verði að greiða jafnan og góðan arð á komandi árum.

Í skráningarlýsingu og sölulýsingu þarf að koma fram hver stefna ríkisins er varðandi aðkomu þess að rekstri fjármálaþyrirtækja á næstu árum. Fjárfestar vilja án efa einnig vita hvernig valdi ríkisins sem eiganda verði beitt. Í því sambandi er vert að minna á að stjórnvöld geta náð fram þeim breytingum á fjármálaþyrirtækjum sem þau vilja með lagabreytingum. Ríkiseign á þyrirtækjunum er ekki nauðsynleg til að ná slíku fram.

Tillaga um arðgreiðslu og heimild til kaupa á eigin hlutum

Lögð er áhersla á hagkvæmni í rekstri Landsbankans umfram hraðan vöxt og að eigendur njóti ávinnings með öruggum arðgreiðslum. Í arðgreiðslustefnu bankans segir að ætlunin sé að greiða meirihluta hagnaðar hvers árs í arð. Í fyrra lagði bankaráðið til að 80% af hagnaði liðins árs yrði greiddur út í arð og nánast hið sama á við núna. Af hagnaði ársins yrði þá greiddur 28,5 milljarður króna, sem jafngildir 1,2 krónum á hlut.

Við leggjum til nýbreytni í framkvæmd þessara arðgreiðslna en það eru hálfárslegar útgreiðslur. Það er gert til að draga úr sveiflum í lausafjárstöðu bankans en ekki síður til að undirstrika enn frekar fyrir hluthafa í bankanum og væntanlega kaupendur hlutabréfa að jafnar og góðar arðgreiðslur séu lykilatriði við hlutabréfaeign í Landsbankanum.

Þrátt fyrir þessa óvenju stóru arðgreiðslu verður eiginfjárstaða og lausfjárstaða bankans eftir sem áður mjög sterk. Við leggjum jafnframt til að hluthafar samþykki heimild bankans til kaupa á eigin hlutum allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Slík heimild gefur kost á því að meta síðar á árinu í ljósi aðstæðna hvort unnt sé að færa meira fé til eigenda.

Lokaorð

Strax eftir síðasta aðalfund setti bankaráðið fram áherslur sínar í samráði við bankastjóra. Megináherslan var lögð á að innleiða nýju stefnuna með þeim árangri sem ætlast er til. Í öðru lagi að efla erlend samskipti og fjárfestatengsl og síðast en ekki síst að undirbúa bankann fyrir skráningu og sölu hluta.

Bankaráðið hefur starfað af miklum krafti og hefur fundað 36 sinnum frá síðasta aðalfundi og undirnefndirnar einnig 36 sinnum. Bankaráðið heimsótti á starfsárinu viðskiptavini og útibú á Vesturlandi, í Vestmannaeyjum og á höfuðborgarsvæðinu. Slíkar heimsóknir eru nauðsynlegar til að efla skilning á stöðu viðskiptavina og hvernig bankanum ber sífellt að leitast við að bæta þjónustuna.

Það hefur verið gagnlegt og gefandi að starfa með öflugum og góðum hópi stjórnenda og starfsfólks. Sérstaklega vil ég þakka Steinþóri Pálssyni bankastjóra fyrir samstarfið. Steinþór er kraftmikill og stefnufastur stjórnandi; hreinn og beinn. Hann hefur náð aðáunarverðum árangri í rekstri Landsbankans þar sem mikið eru í húfi fyrir viðskiptamenn, eigendur og starfsmenn.

Bankaráðið vill þakka Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands fyrir góð og fagleg samskipti.

Ég vona að mér líðist að ljúka ávarpi mínu á persónulegum nótum. Þegar ég snéri heim að loknu hagfræðinámi erlendis vann ég í 12 ár í Landsbankanum og naut þess að vinna með góðum stjórnendum og samstarfsfólki. Dragbíturinn var helst sá að þá var bankinn ekki banki í meirihlutaeigu ríkisins eins og nú er heldur ríkisbanki þar sem flokkspólítík réð ríkjum. Ég vona einlæglega allra vegna að þeir tímar komi aldrei aftur.